

Mál nr. 222/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/frítímaslysatryggingar

**Meiðsl við fall í stiga á veitingastað 04.03. 2006,
ágreiningur um frest/tómlæti til að krefjast meðferðar fyrir úrskurðarnefnd.**

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 27.10. 2008, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 01.12. 2008.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M datt niður stiga á umræddum veitingastað. Hann var ölvaður í umrætt sinn.

Vátryggingafélagið vísar til þess að tjónstilkynning hafi borist félaginu 29.03. 2006. Með bréfi (tilkynningu), dags. 24.08. 2006, hafi félagið hafnað bótaskyldu. Í nefndu bréfi vísar félagið til 10. gr. skilmála þar sem segir m.a. “Hafi vátryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins sbr. 2. mgr. 27. gr. eða 1. mgr. 90. gr. laga 30/2004”. Félagið hafnaði greiðsluskyldu, það taldi að bein orsakatengsl væru á milli ölvunar vátryggðs og þess að hann hafi hrasað á leið niður stigann. Fram kemur í bréfinu tilvísun til 124. gr. nefndra laga um vátryggingarsamninga varðandi frest til að skjóta afstöðu félagsins til úrskurðarnefndar eða til dómstóla þ.e. innan árs frá tilkynningu þeirri sem hér um ræðir.

Vátryggingafélagið lætur þess getið í bréfi til nefndarinnar, dags. 01.12. sl., að félagið hafni staðhæfingu M um að hann hafi aldrei fengið höfnunarbréf félagsins. Umrætt bréf hafi verið sent á heimilisfang M, sem hann hafi gefið upp í tjónstilkynningu sinni. Lögmaður M hafi haft samband við félagið rúmum tveimur árum eftir að umrætt höfnunarbréf var sent. Engin gögn hjá félaginu bendi til þess að M hafi á tímabilinu ágúst 2006 til október 2008 haft samband við félagið til að grennslast fyrir um afstöðu félagsins til kröfu sinnar. Félagið vísar til þess að engar reglur kveði á um að félaginu beri að senda höfnunarbréf með ábyrgðarbréfi og ekkert í málinu bendi til þess að pósthjónustu hafi verið ábótavant á þessum tíma. Mið hliðsjón af ofanrituðu telur félagið að M hafi ekki skotið máli þessu til úrskurðarnefndar innan árs frá því að honum barst höfnunarbréf félagsins og því sé krafa hans fallin niður sbr. lög um vátryggingarsamninga.

Vátryggingafélagið lætur þess og getið að M hafi verið ofurölvi er slysið átti sér stað og þar með sekur um stórkostlegt gáleysi sbr. umfjöllun félagsins sem óþarft er að geta. Samkvæmt læknisvottorði hafi áfengismagn í blóði M verið 2,35.

M telur greiðsluskyldu vera fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann staðhæfir í málskotinu m.a. að honum hafi ekki verið tilkynnt um afstöðu félagsins að hafna bótaskyldu fyrr en í október 2008 þegar honum hafi borist afrit af bréfi félagsins, dags. 24.08. 2006. Það “bréf var ekki sent tjónþola og var tjónþoli á sjúkrahúsi er fyrrgreint bréf var dagsett”. Kæra hans sé því sett fram innan tímamarka.

Álit.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum þ.á m. afstöðu váttryggingafélagsins, glatar M mögulegum rétti sínum til bóta þar sem hann hefur ekki krafist meðferðar fyrir úrskurðarnefnd innan árs frá því hann fékk höfnunarbréf félagsins sbr. 2. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga.

Lagt er til grundvallar að umrætt höfnunarbréf félagsins hafi verið sent til M á árinu 2006 líkt og félagið heldur fram. Það vekur athygli að M skuli ekki hafa haft samband við félagið fyrr en í október 2008 þrátt fyrir fyrirliggjandi tjónstilkynningu frá árinu 2006.

Vegna ofanritaðs verður ekki fjallað um það hvort tjónsatburð máls þessa megi rekja til stórkostlegs gáleysis M.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda þeirrar váttryggingar sem hér um ræðir er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 16. desember 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.